

Fimmtudaginn 21. maí 1981.

Nr. 218/1979. **Trésmiðjan Hvammur s/f**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

bæjarfógetanum í Neskaupstað,

Þorsteini Skúlasyni,

og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Uppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1979 og krefst þess, að hið áfrýjaða uppboð verði úr gildi felld og sér tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi ríkissjóðs.

Stefndu krefjast þess, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 5. október 1979 gerði Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti lögtak í nánar tilgreindum lausafjármunum (trésmiðavélum) Trésmiðjunnar Hvamms s/f í Neskaupstað fyrir opinberum gjöldum ársins 1979 að fjárhæð 5.098.538 krónur. Nauðungaruppboð á hinum lögteknunum var auglýst í blaðinu Austurlandi 29. nóvember 1979, og skyldi uppboðið haldið hinn 11. desember s. á. í húsakynnum áfrýjanda. Fór uppboðið fram þann dag.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að uppboðshaldari hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart fyrirsvarsmanni áfrýjanda, sem sé ólöglærður, og hann hafi ekki kveðið upp formlegan úrskurð um þá kröfu áfrýjanda að fresta uppboðinu. Enn fremur að bókanir í uppboðsbók hafi ekki

verið réttar og uppboðsandlag hafi verið „undir eldra uppboði“.

Lögtaksgerð sú, sem hið áfrýjaða uppboð byggist á, fór fram til tryggingar opinberum gjöldum álögðum 1979. Ekki eru bornar bríður á, að lögtaksgerð þessi sé fullgild uppboðsheimild. Lögtaksgerðinni hefur ekki verið áfrýjað, og skiptir ekki máli, þótt öðru lögtaki í sömu munum til tryggingar eldri opinberum gjöldum hefði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Samkvæmt verðmálaskrár kemur fram, að Sparisjóður Norðfjarðar hafi átt veðrétt í hinum seldu munum, en ekkert er upplýst um, hvort veðrétturinn hafi enn verið í gildi, er uppboðið fór fram. Ómótmælt er, að uppboðshaldari hafi tilkynnt sparisjóðnum um uppboðið, og sparisjóðsstjórinn var viðstaddur uppboðið, að því er skjöl máls bera með sér. Engum athugasemdum hefur verið hreyft við uppboðið af hálfu sparisjóðsins. Ekki er fram komið og ekki á því byggt af hálfu uppboðshola, að neinir meinbugir hafi verið á undirbúningi hins áfrýjaða uppboðs að því er varðar tilkynningar um uppboðið eða auglýsingu þess.

Af hálfu áfrýjanda hefur ekki verið sýnt fram á, að uppboðshaldari hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína gagnvart umboðsmanni áfrýjanda á uppboðinu.

Af hálfu áfrýjanda var þess krafist, að uppboðinu yrði frestað. Tilfærði hann þá ástæðu fyrir frestbeiðninni, að lögtaki vegna þinggjalda ársins 1978 hefði verið áfrýjað. Uppboðshaldari synjaði frestbeiðni þessari með bókun í þingbók. Honum bar að vísu að taka afstöðu til frestbeiðninnar í úrskurðarformi samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Úrskurði um synjun frests varð hins vegar ekki skotið til Hæstaréttar nema í sambandi við áfrýjun aðalmásins. Þar sem áfrýjandi hefur ekki fært fram neinar haldbærar ástæður fyrir frestbeiðni sinni, og ekki er sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir neinum réttarspjöllum vegna þessa, verður uppboðið ekki fellt úr gildi af þessum sökum. Þá eru ósannaðar staðhæfingar um, að bókanir í þingbók séu rangar, og ekki hefur verið sýna fram á, að uppi-

boðinu sé að öðru leyti áfátt þannig, að fella beri það úr gildi.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykir mega staðfesta hið áfrýjaða uppboð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hið áfrýjaða uppboð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Á hinu áfrýjaða uppboði eru verulegir annmarkar.

Eins og greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda var hið áfrýjaða uppboð auglýst í blaðinu Austurlandi hinn 29. nóvember 1979. Voru þar nákvæmlega tilgreindir 6 af 7 hinna lögteknu muna, en ekki var getið um svokallað framdrif, sem var samt selt á uppboðinu 11. desember s. á.

Uppboðsskilmálar eru ódagsettir og óundirritaðir, og eigi er getið útgefanda.

Af endurriti því, sem lagt hefur verið fram í málinu af lausafjárveðsetningaskrá, sést, að Hvammur s/f hefur hinn 29. september 1975 veðsett Sparisjóði Norðfjarðar „vélar og tæki Hvamms“, en veðsetningin er þinglesin 8. október s. á., og hinn 7. október 1976 hefur Hvammur s/f veðsett sama spónlagningarpresu, spónsög og vél Hombæk, en veðsetning þessi er þinglesin 13. sama mánaðar. Fyrri veðsetningin er til tryggingar skuld að fjárhæð 770.000 krónur, en hin síðari til tryggingar skuld að fjárhæð 2.000.000 krónur. Ekki verður séð, að veðum þessum hafi verið aflýst.

Af skjölum málsins verður ekki ráðið, hvort uppboðspola hafi verið send tilkynning um, hvenær uppboð ætti fram að fara. Eigi verður heldur séð, að veðhafinn, Sparisjóður Norðfjarðar, hafi fengið tilkynningu frá uppboðshaldara samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga 57/1949, sbr. 22. gr. og 25. gr. sömu laga. Var honum því eigi, svo séð verði, gefinn kostur á að gerast aðili uppboðsmáls samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laga

57/1949 og gæta réttar síns samkvæmt niðurlagsákvæði 41. gr. sömu laga. Skilja verður síðastgreint ákvæði í samhengi við fyrri málslið sömu málsgreinar, þannig að uppboðsbeiðandi geti ekki komið fram uppboði, nema hann innleysi veðið eða fái samþykki veðhafa til uppboðsins, ef réttur uppboðsbeiðanda skal víkja fyrir rétti veðhafa.

Því er haldið fram í málinu, að ólöglærður forstöðumaður Sparisjóðs Norðfjarðar hafi verið staddur á uppboðinu, þótt þess sé ekki getið í þingbók. Hafi svo verið, bar brýna nauðsyn til þess að leiðbeina honum, sérstaklega um kröfugerð og mótmæli varðandi ákvæði 3. málsg. 41. gr. laga nr. 57/1949. Að öllum framangreindum atriðum ber að gæta án kröfu.

Svo sem fram kemur í dómsatkvæði meiri hluta dómenda, synjaði uppboðshaldari frestbeiðni áfrýjanda með bókun í þingbók.

Fallast verður á það með áfrýjanda, að þar sem fram kom krafa hans um frest í málinu á uppboðsþingi 11. desember 1979, hafi bæjarfógetanum í Neskaupstað borið að skrá kröfuna greinilega í þingbók og taka síðan afstöðu til hennar í úrskurðarformi samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Meðferð málsins samkvæmt framansögðu er þeim annmörkum háð, að óhjákvæmilegt er að ómerkja hið áfrýjaða uppboð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefnda ríkissjóð til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi ríkissjóður Íslands greiði áfrýjanda, Trésmiðjunni Hvammi s/f, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Neskaupstaðar 11. desember 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 11. desember, kl. 1310, var uppboðs-

réttur settur á trésmíðaverkstæði Hvamms s/f og haldinn af Þorsteini Skúlasyni bæjarfógeta ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Uppboð á trésmíðavélum Hvamms s/f.

1. Lagt er fram ljósrít úr fógetabók.
2. Uppboðsskilmálar.
3. Ljósrít úr veðbók.
4. Ljósrít af auglýs. Austurlandi (skjölin fylgja).

Lesnir voru uppboðsskilmálar, f. h. uppboðspola er mættur Gestur Janus Ragnarsson.

1. Boðið upp framdrif.

Gestur Janus Ragnarsson krefst þess, að uppboði verði frestað vegna þess, að lögtak vegna þinggjalda 1978 er í áfrýjun. Fresti er synjað af bæjarfógeta.

1. Þá er boðið upp framdrif.
Slegið á 50 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
2. Brýnsluvél.
Slegin á 50 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
3. Bútsög.
Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
4. Spónsamsetningarvél.
Slegin á kr. 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
5. Spónsög.
Slegin á 100 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
6. Slípivél.
Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
7. Límáburðarvél.
Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.

Fleira ekki tekið fyrir

Upplesið rétt bókað.

Uppboðsrétti slitið.
